

# Reikningsskilaráð ríkisins

28. Fundur – 19. desember 2018 kl. 09:00

## Fundargerð

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Margrét Björk Svavarsdóttir, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Ólafur Hjálmarsson.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Vinnuhópar

Esther Finnbogadóttir og Elín Guðjónsdóttir mættu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu hjá efnahagshóp og tekjuhóp. Fulltrúar vinnuhópana munu mæta aftur á næsta fund og gera betur grein fyrir niðurstöðum.

### 2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 27. fundar samþykkt.

### 3. Ríkisreikningur og innleiðingaráætlun.

Ríkisreikningur fyrir árið 2018 verður birtur í maí/júní 2019 og á fyrsta ársfjórðungi 2019 þarf að vera búið að taka ákvarðanir um þau mál sem eiga að nást í ríkisreikning 2018.

Rætt með hvaða hætti á að birta brú frá afkomu samkvæmt ríkisreikningi yfir á þjóðhagsreikninga samkvæmt Hagstofu. Hagstofa hefur birt lokaniðurstöðu ársins 2019 og gert er ráð fyrir að á næsta fundi liggi niðurstaða fyrir.

### 4. Verkefni reikningsskilaráðs 2019 og fundartímar.

Formaður lagði fram gögn og fór yfir helstu áhersluverkefni á árinu 2019. Jafnframt var farið yfir áætlaða mánaðarlega fundartíma ráðsins á árinu 2019.

### 5. Frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings.

Skýrt frá að frumvarp til staðfestingar ríkisreiknings var lagt fram á Alþingi þann 7. Desember, tveim mánuðum eftir útgáfu ríkisreiknings. Frumvarpinu hefur verið vísað til umfjöllunar í fjárlaganefnd og annarrar umræðu á Alþingi og verður tekið fyrir í byrjun árs 2019.

### 6. Erindi Biskupsstofu, staðan.

Tilkynnt að viðbótarsamkomulag ríkis og kirkju verður birt fljótlega í framhaldi af því verður þráðurinn tekinn upp.

### 7. Önnur mál.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 16. janúar kl. 09:00